

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar, nr. 335 16. ágúst 1993.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Beiðni um álit skal vera skrifleg og rituð á eyðublað sem nefndin lætur í té. Með beiðni skulu fylgja skýrslur um atvik að tjónsatburði og afleiðingar hans. Einnig skulu fylgja ítarleg vottorð lækna sem stundað hafa tjónþola vegna tjóns hans. Þá skulu og fylgja staðfest endurrit skattframtala tjónþola síðustu tvö almanaksár fyrir tjónsatburð og skattframtal eftir að tjón varð. Nefndin getur að auki lagt fyrir matsbeiðanda og eftir atvikum tjónþola sjálfan að leggja fram viðbótargögn eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Í beiðni um álit skal koma fram hver tjónþoli er og að hverjum kröfu um bætur verði beint, sé það vitað. Skal örorkunefnd kynna aðilum fram komna beiðni og fylgigögn og gefa þeim kost á að koma skriflega á framfæri við nefndina gögnum og sjónarmiðum sínum varðandi matsmálið, innan hæfilegs frests.

Beiðni um álit og fylgigögn skulu send nefndinni í svo mörgum eintökum að nægi til að senda öðrum aðilum máls eitt eintak hverjum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. október 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

17. október 1996

Nr. 550

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjusand í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 16. október 1996 staðfest breytingu, skv. 17. og 18. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi við Kirkjusand.

Breytingin felst í því að lóð nr. 89 við Laugarnesveg er breytt á þann veg að hún skiptist í tvennt eða Kirkjusand 1 - 5 og Laugarnesveg 89. Skipulag lóðarinnar nr. 89 við Laugarnesveg verður óbreytt eftir breytinguna, en á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand rísa þrjú 5 - 6 hæða íbúðarhús í stað 2 - 4 hæða iðnaðarhúsa.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstaklingar og aðrir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. október 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.